

Upplýsingar til sjúklinga fyrir aðgerð í deyfingu

Fyrir aðgerð

- Hættu á blóðþynningarlyfjum (og lýsi) í viku fyrir aðgerð í samráði við lækinn, sem er ábyrgur fyrir þeirri meðferð, nema skurðlæknirinn hafi tekið annað fram.
- Önnur lyf má taka eins og venjulega, líka aðgerðardag.
- Fjarlægðu hringa af hendi aðgerðar 2 dögum fyrir aðgerð. Eyddu naglalakki af fingrum, fjarlægðu alla skartgrip og farðu í **sturtu** að morgni aðgerðardags.
- Ekki bera olíur eða krem á líkamann og ekki nota ilmvatn.
- Best er að koma í þægilegum fatnaði, sem auðvelt er að fara úr og í. Ekki mæta í spariklæðnaði.
- Þú þarft **ekki að fasta**.
- Vertu með símann á þér fyrir aðgerðina því mögulega verður hringt í þig og aðgerðinni flýtt eða seinkað.
- Þegar þú mætir á skurðstofugang Orkuhússins hittir þú skurðlækninn, sem deyfir þig.
- Meðan þú bíður aðgerðar getur þú skoðað símann þinn eða hlustað á efni úr honum, hafir þú haft lítil heyrnartól með. Hvorki er leyft að tala í síma né taka myndir á skurðstofugangi.

Eftir aðgerð

- Eftir aðgerð gengur þú af skurðarborði og ferð beint heim.
- Þér er ráðlagt að **aka ekki** bifreið samdægurs eftir aðgerð.
- Gott er að útlímurinn sé í **hástöðu** eins og kostur er fyrstu dagana eftir aðgerð til að minnka bólgu. Ekki þarf fatla. Hreyfa skal fingur og teygja vel á þeim.
- Einhver óþægindi verða frá svæði aðgerðar fyrstu dagana eða vikurnar. Oftast dugur að taka verkjalyfið Panodil og bólgueyðandi lyf eins og Ibufen. Lyfin fást án lyfseðils. Í sumum tilfellum mun skurðlæknirinn ávísa öðrum lyfjum.
- Fara má í sturtu en hlífa þarf umbúðunum með plastpoka. Eftir smærri aðgerðir á höndum má þó skola sárið stuttlega með hreinu, rennandi vatni frá þriðja degi eftir aðgerð.
- Ef eitthvað óvænt ber að höndum, svo sem svæsnir verkir, mikil blæðing eða hækkaður líkamshiti, skaltu hafa samband við skurðlækninn. Náist ekki hann er skynsamlegt að leita á læknavakt eða bráðamóttöku.

Með kærri kveðju,

Björn Pétur Sigurðsson
bæklunar- og handarskurðlæknir
Orkuhúsinu
Urðarhvarfi 8
203 Kópavogi
Sími 520-0100
Netfang laeknastodin@orkuhusid.is
Neyðarnúmer GSM 824-5985